

Mánudaginn 5. desember 1938.

Nr. 97/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Fred Dale (Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að sektin ákveðst með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem í dag er 46.59, 21500 krónur, og að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst 21500 krónur og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Fred Dale, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. júlí 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Fred Dale, skipstjóra á botnvörpunum Cape Duner H. 174, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924.

Málsatvik eru þessi: Í gærkveldi kl. um 11 var varðskipið Ægir á leiðinni frá Reykjavík til Garðskaga og kom að nokkrum togurum við botnvörpuveiðar. Einn af þeim var Cape Duner, og reyndist hann samkvæmt mælingum varðskipherrans að hafa verið 0.5 sjómilur innan landhelgilínu.

Kærður hefir viðurkennt þessa mælingu varðskipherrans rétta og játað að hafa verið að veiðum innan landhelgílinunnar.

En hann hefir haldið því fram, að það hafi verið óviljandi vegna dimmviðris. Með þessu hefir kærður, sem ekki hefir svo kunnugt sé fyrr gerzt sekur við íslenska fiskveiðalöggjöf, brotið gegn 1. gr. laga nr. 5 1920 um bann við botnvörpuveiðum. Ber að ákveða refsingu hans samkvæmt 3. gr. þeirra laga, sbr. lög nr. 4 1924. Þykir hún hæfilega ákveðin með tilliti til þess, að gjaldgildi íslenzkrar krónu er í dag 49.67, kr. 20200.00 sekt til landhelgisjóðs Íslands. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði, þá skal og afli togarans Cape Duner H. 174, upptækur ger, þar með taldir dragstrengir, og renni andvirðið til sama sjóðs. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Fred Dale, greiði í sekt til landhelgisjóðs Íslands kr. 20200.00.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Cape Duner, H. 174, skal upptækt gert, og andvirðið renna til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.